

óeðlilega langan geymslutíma. Þessi regla á þó ekki við útgerðir fiskiskipa, sbr. II, lok 1. tl.

Skýlt er að gefa gjaldeyriseftirliti Seðlabankans reglulega skýrslu um þessar gjaldeyrstekjur og ráðstafanir á þeim eftir nánari fyrirmælum þess.

III.

1. Þeim aðilum, sem eiga eða eignast erlendan gjaldeyri, sem undanþeginn er sölu-skyldu samkvæmt I, 2. málsgrein og II, 1.—4. tl. hér að framan, er heimilt að leggja hann á reikning í erlendum gjaldeyri við innlendan gjaldeyrisviðskipta-banka.
2. Fé í innlendum gjaldeyrisreikningum er eiganda heimilt að nota til að greiða fyrir erlenda vöru og þjónustu. Einnig er heimilt að ráðstafa þessu fé til annarra þarfa skv. samþykki gjaldeyrisyfirvalda. Innflytjendur eru þó háðir reglum á hverjum tíma um innflutning vara skv. innflutningsleyfum.

Seðlabankinn skal, að fengnu álitu gjaldeyrisviðskiptabankanna, setja nánari reglur um framkvæmd ákvæða þessarar greinar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 30/1960 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl. að höfðu samráði við gjaldeyrisbankana og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 30. nóvember 1977.

Ólafur Jóhannesson.

Þórhallur Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

um takmarkanir á þorskveiðum.

1. gr.

Á tímabilinu 20. desember til 31. desember 1977, að báðum dögum meðtöldum eru allar þorskveiðar bannaðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi. Útgerðaraðilum skut-togara er þó heimilt að velja um að stöðva þorskveiðar í 12 daga samfellt á tímabilinu 1. desember til 31. desember 1977, enda sé sjávarútvegsráðuneytinu tilkynnt um það eigi síðar en 5. desember 1977.

2. gr.

Á þeim tíma, sem fiskiskip mega ekki stunda þorskveiðar skv. 1. gr. má hlutdeild þorsks í heildarafla hvernar veiðiferðar ekki nema meira en 10%. Þorskafli undir þeim mörkum skoðast sem löglegur aukaafli, en fari þorskafli hvernar veiðiferðar fram úr 10% af heildarafla, verður það sem umfram er gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafila.

3. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd þessarar reglugerðar ef nauðsyn krefur.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81

31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. nóvember 1977.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.